

5. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
föstudaginn 20. september 2019, kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri.

1. Aðalgata 1 - 1909002

Tekin fyrir tölvupóstur frá Maríu Hrafnhildardóttur dags. 5. september 2019 þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta skráningu á Aðalgötu 1a úr viðskipta- og þjónustuhúsnæði í íbúðarhúsnæði (sumarhús). Fyrir liggur tölvupóstur frá Veðurstofu Íslands þar sem fram kemur að staðaráhætta er minni en 5 af 10.000 og því heimilt að skrá þetta sem sumarhús með kvöð eins og á öðrum húsum í gamla þorpínu.

Samþykkt er að breyta húsnæði Aðalgötu 1a í sumarhús þannig að það lúti sömu kvöðum og og önnur sumarhús í gamla hverfinu.

2. Nesvegur 7, smáhýsi - 1908001

Tekinn fyrir að nýju tölvupóstur frá Maríu Hrafnhildardóttur dags. 10. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja skúr á lóðinni við Nesveg 7. Fyrir liggur tölvupóstur frá Veðurstofu Íslands þar sem fram kemur að mælst er til að heimila ekki byggingu á lóðinni, lóðin er á hættusvæði C og þar má ekki byggja nein mannvirki þar sem búast má við reglulegri viðveru fólks.

Álit Veðurstofu er neikvætt og erindi því hafnað.

5. Deiliskipulag í Hattardal - 1909014

Tekið fyrir að nýju deiliskipulag í Hattardal, Hattardalsvirkjun við Hattardalsá. Um er að ræða litla vatnsaflsvirkjun undir 100Kw sem flokkast sem örvirkjun. Heildarlengd fallpípu er 1000 metrar, inntaksstífla er í 140 m.h.y.s. flatarmál lóns verður að hámarki 70 m²

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að sveitarstjórn að deiliskipulagið verði auglýst skv 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og verði auglýst samhliða endurskoðun á Aðalskipulagi Súðavíkurbreytts 2018-2030.

4. Umsókn um rekstrarleyfi - 1909012

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 8. júlí 2019 um beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi til að reka gististað í flokki II að Holtagötu 4.

Erindi samþykkt.

Valgeir Scott vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðar.

3. Landamerki við Fögrubrekku, beiðni um samþykkt teikningu - 1909013

Lagður fram tölvupóstur frá Svanhildi Lýðsdóttur, dagsettur 4.sept 2019 þar sem

SV HLP VS

1


fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar
20.09.2019

Óskað ef eftir að meðfylgjandi teikning af landi Fögrubrekku verði tekin fyrir í nefndinni.

Samþykkt með fyrirvara um þinglýstan lóðarleigusamning Blómsturvalla.

Valgeir Scott kemur aftur inn á fund.

Fundi slitið kl. 11:00.




Anna Lind Ragnarsdóttir




Hulda Gunnarsdóttir


Samúel Kristjánsson



Valgeir Scott



Samúel Kristjánsson



Valgeir Scott